

álita, þar sem krafan á hendur Verðjöfnunarsjóði er tekin til greina.

Dæma ber stefnda, Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 85.000.00 í þessum þætti málsins.

Dómari í máli þessu var Stefán M. Stefánsson borgardómari og meðdómsmennirnir Árni Vilhjálmsson prófessor og Þór Vilhjálmsson prófessor.

Dómsorð:

Stefnda, Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins, ber að endurgreiða stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, það gjald, sem tekið hefur verið af stefnanda í Verðjöfnunarsjóðinn af andvirði frystrar rækju, sem veidd var á tíma-
bilinu 1. janúar 1970 til 31. ágúst s. á.

Stefndi, Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, greiði stefnanda, Niðursuðu- og hraðfrystihúsi Langeyrar, kr. 85.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 5. desember 1972.

Nr. 48/1972: Útvegsbanki Íslands

(Axel Kristjánsson hrl.)

gegn

Júlíusi Hjálmarssyni

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1972 og krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 500.000.00 með 10% ársvöxtum frá

12. febrúar 1966 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með yfirlýsingu til Helga Th. Andersens 6. febrúar 1966 heimilaði stefndi honum að veðsetja jörðina Þórkötlustaði, hjúskapareign stefnda, „upp að fjárhæð kr. 500.000.00“. Var þess getið í veðleyfinu, að það væri veitt í sambandi við kaup á bátnum Leifi, ÓF 4. Engar sérstakar yfirlýsingar gaf stefndi áfrýjanda í sambandi við kaup þessi eða veðleyfi.

Dómkröfur áfrýjanda eru reistar á því, að það varði stefnda skaðabótaskyldu, að hann skýrði ekki eiginkonu sinni frá því fyrr en löngu síðar, að hann veitti Helga framangreint veðleyfi, og aflaði ekki samþykkis hennar til þeirrar ráðstöfunar. Engin rök eru til að leggja skaðabótaábyrgð á stefnda gagnvart áfrýjanda af þessum sökum, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti. Er hann ákveðinn kr. 70.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Útvegsbanki Íslands, greiði stefnda, Júlíusi Hjálmarssyni, kr. 70.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. marz 1972.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. marz s.l., hefur Útvegsbanki Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 2. maí 1970, á hendur Júlíusi Hjálmarssyni til greiðslu á skaðabótum að upphæð kr. 500.000.00 auk 10% ársvaxta frá 12. febrúar 1966 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær varakröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu einhverrar lægri fjárhæða að mati dómsins ásamt vöxtum og kostnaði, eins og í stefnu seinir.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði

algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að honum verði tildæmdur fullur málskostnaður úr hendi stefnanda samkvæmt gjaldskrá L. M. F. í.

Til vara voru af hálfu stefnda gerðar þær kröfur við munnlegan flutning málsins, að verði sýknukrafan ekki tekin til greina, þá verði hann dæmdur til greiðslu miklu lægri fjárhæðar en stefnukröfunni nemur auk þess sem mótmælt var vaxtafæti í stefnu sem of háum.

Af hálfu stefnanda er gerð svofelld grein fyrir málavöxtum, að í febrúar 1966 hafi útibú hans á Akureyri (þ. e. Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri) selt stjúpssyni stefnda, Helga Th. Andersen, v/s Leif, KS 4, fyrir kr. 1.600.000.00. Af kaupverði skipsins hafi kr. 500.000.00 verið greiddar með skuldabréfi, sem Helgi Andersen hafi gefið út, sbr. dskj. nr. 2. Skuldabréf þetta hafi verið tryggt með 4. veðrétti í hluta stefnda í jörðinni Þórkötlu-stöðum í Grindavík og hafi stefndi gefið skriflegt samþykki sitt til þeirrar veðsetningar, sbr. dskj. nr. 3.

Í maí 1967 hafi eiginkona stefnda höfðað mál á hendur stefnanda þessa máls og krafist þess, að ofangreind veðsetning jarðarinnar yrði dæmd ógild, þar sem samþykkis hennar hafi eigi verið leitað. Kveður stefnandi þá hafa komið í ljós, að stefndi hafi leynt (eða svo hafi virzt a. m. k.) eiginkonu sína veðsetningu þessari. Starfsmaður stefnanda, sem hafi haft með söluna að gera, hafi verið algerlega grandalaus um þetta og hafi farið svo, að veðsetningin hafi verið dæmd ógild, þar sem ekki hafi tekizt að sanna, að eiginkona stefnda hafi verið með í ráðum, sbr. dskj. nr. 6 Helgi Th. Andersen hafi verið úrskurðaður gjaldþrota 20. nóvember 1967. Skiptum hafi lokið 6. september 1968, sbr. dskj. nr. 4 og 5. Engar eignir hafi þá reynzt vera í búi hans, en búið hafi verið að selja v/s Leif, KS 4, á nauðungaruppbóði í júní 1967 samkvæmt kröfu veðhafa í skipinu. Uppboðsverðið, kr. 1.600.000.00, hafi eigi hrokkið fyrir áhvílandi skuldum.

Stefnandi styður dómkröfur sínar þeim rökum, að með því að leynd eiginkonu sína ofangreindri veðsetningu hafi stefndi beinlínis orðið þess valdandi, að krafa stefnanda samkvæmt skuldabréfinu á dskj. nr. 2 sé nú endanlega glötuð. Veðtrygging sú, sem stefnandi hafi talið sig hafa fyrir skuldinni, sbr. veðleyfi á dskj. nr. 3, hafi verið dæmd ógild og skuldarinn samkvæmt skuldabréfinu hafi reynzt algerlega ógjaldfær. Það hafi verið alger forsenda fyrir því, að skuldabréfið væri tekið sem greiðsla,

að umrædd veðtrygging væri fyrir hendi. Þegar ljóst hafi verið, að margumrædd veðsetning hafi eigi staðizt gegn andmælum eiginkonu stefnda, hafi verið of seint að rifta sölunni á skipinu og eigi því stefnandi eigi annarra kosta vól en að krefja stefnda um bætur fyrir það tjón, sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna heimildarleysis stefnda til veðsetningarinnar.

Stefndi styður hins vegar sýknukröfu sína þeim rökum, að hann hafi aldrei skuldað stefnanda margnefndar kr. 500.000.00. Hann hafi og ekki leynt konu sína neinu, heldur hafi nánast verið um að ræða þá fávizku hjá honum að leita ekki samþykkis eiginkonu til veðsetningar. Í öðru lagi liggi beint fyrir að spyrja, hvaða aðilja hefði helzt átt að vera kunnugt um 20. gr. laga nr. 23/1920 um skyldu aðilja til þess að leita samþykkis maka síns við veðsetningu á íveruhúsnæði þeirra. Í þessu tilfelli hafi átt hlut að málum í fyrsta lagi löglærður starfsmaður stefnanda, í öðru lagi þekktur skipasali hér í borg og í þriðja lagi aldraður bóndi sunnan úr Grindavík. Það mætti ef til vill halda því fram, að stefndi bæri einhverja ábyrgð, ef sýnt þætti, að hann hefði beitt einhverjum brögðum eða svikum í sínu atferli, en ekkert slíkt liggi fyrir. Verði því ekki séð, að stefnandi hafi nokkurn fót fyrir kröfum sínum.

Eins og frá er greint í málavaxtalýsingu hér að framan, gekk dómur á aukadómþingi Gullbringu- og Kjósarsýslu hinn 19. júlí 1968, þar sem veðsetning með 4. veðrétti á jarðarhlutanum Þórkötlustöðum nr. 2 (Miðbæ) samkvæmt veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 500.000.00, útgefnu til handhafa 12. febrúar 1966 af Helga Th. Andersen, og samkvæmt veðleyfi, útgefnu 6. febrúar 1966 af stefnda, Júlíusi Hjálmarssyni, var dæmd ógild, þar sem ósannað þótti, að eiginkonu stefnda hefði verið kunnugt um veðsetninguna fyrr en síðast á árinu 1966, en eins og veðskulda-bréfið á dskj. nr. 2 og veðleyfið á dskj. nr. 3 bera með sér, átti veðsetningin sér stað í febrúarmánuði sama ár.

Í framburði stefnda, Júlíusar Hjálmarssonar, og stjúpsonar hans, Helga Th. Andersens, kemur fram, að hvorugur þeirra taldi sér hafa verið kunnugt um, að skortur á samþykki eiginkonu kynni að hafa þýðingu varðandi gildi veðsetningar, slíkrar sem hér var um að ræða, og kveður stefndi. Júlíus. að af hálfu viðsemjenda sinna hafi ekkert verið á það minnzt. Stefndi Júlíus kveður sér ekki hafa verið ljóst, hverjar réttarverkanir umrædd veðsetning hefði, og sér hafi verið sagt, að það væri algerlega áhættulaust að skrifa undir þetta skjal, þ. e. veðleyfið.

Í framburði eiginkonu stefnda kveður hún stefnda hafa sagt sér, að hann hafi kviðið fyrir að segja sér frá veðsetningunni og því dregið það á langinn. Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, verður hins vegar ekki séð, að stefndi hafi beitt konu sína launung um þetta í sviksamlegum tilgangi, þar sem ósannað er, að honum hafi verið ljóst, að samþykki hennar þyrfti til veðsetningarinnar, svo að hún yrði gild. Og enda þótt honum hefði verið það ljóst, verður eigi talið, að honum væri skylt að sjá um samþykki hennar, þótt hann léti samþykki í té fyrir sitt leyti.

Viðsemjandi stefnda, þ. e. stefnandi, hafði löglærðan mann til að gæta hagsmuna sinna við samningsgerð þá, sem mál þetta er risið af. Bar honum því sem slíkum að kynna sér, hvort nægilegt væri samþykki stefnda eins til veðsetningarinnar, og þurfti ekki að byggja á ummælum eða sögusögnum annarra um þetta atriði. Stoðar honum því ekki að bera fyrir sig grandleysi um það.

Samkvæmt því, sem rakið hefur verið að framan, ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Júlíus Hjálmarsson, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, Reykjavík, vegna útibús bankans á Akureyri, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda kr. 70.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
